

Fálkasetur Íslands

3. fundur stjórnar 12. september 2011 kl. 17 í Þekkingarsetri Þingeyinga.

Mættir: Aðalsteinn, Sverrir, Hjörleifur, Halldór, Ari Páll, Guðlaugur.

Hjörleifur formaður setti fund og eftirfarandi málefni voru rædd:

Félögum verður sent stutt fréttabréf í október eða nóvember þegar búið verður að senda styrkumsóknir. Formenn munu taka saman frásögn í samvinnu við ritara.

Sverri, Guðlaugi og Aðalsteini falið að kanna verð á fjarsjám og senda umsókn í Menningarsjóð KEA um styrk til slíkra kaupa.

Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, hafa veitt Fálkasetri Íslands kr. 200.000 í styrk og er þetta fyrsta fjárframlag til félagsins.

Úthlutunarreglur Umhverfisráðuneytisins heimila ekki styrkveitingur til félagsins samkvæmt svörum sem formaður fékk frá ráðuneytinu.

Formaður hefur rætt við forsvarsmann annars hvalaskoðunarfyrirtækisins á Húsavík um hugsanlegan styrk en ekki fengið ennþá ákveðin svör. Ari Páll mun leita til hins fyrirtækisins.

Ari Páll ætlar að hafa forgöngu um að kynna sér möguleika á því að sækja um styrk fyrir félagið til Menningarsjóðs Eyþings og senda inn umsókn í samvinnu við formenn fyrir tilskilinn tíma.

Unnið verður áfram að því að sækja um styrk til Ráðherranefndar Norðurlandaráðs í því skyni að halda ráðstefnu fyrir vísindamenn eins og ákveðið var á síðasta fundi. Ólafur og Aðalsteinn hafa forgöngu um umsóknina.

Tölverðar umræður urðu um það hvernig standa beri að nýrri umsókn um fjárstyrk til Vina Vatnajökuls. Ákveðið að taka út úr fyrri umsókn þau atriði sem helst stóðu í vegi fyrir samþykkt og leggja áfram áherslu á vefsíðugerð og sýningu en hafa möguleika til að áfangaskipta þeim áherslum. Hjörleifur hefur forgöngu um þessa umsókn og sendir stjórnarmönnum drög til umsagnar áður en hún er fullgerð.

Hjörleifur ræddi nauðsyn þess að koma Fálkasetri Íslands inn á fjárlög og taldi bestu leiðina til þess að fá sveitarstjórn Norðurþings til að taka málið upp við Fjárlaganefnd Alþingis. Hjörleifur mun ræða við bæjarstjóra, eins ætla stjórnarmenn að reifa málið við bæjarstjórnarmenn eftir því sem aðstæður leyfa.

Sólveig Sigurðardóttir dótturdóttir Theódórs Gunnlaugssonar hefur boðið félaginu að varðveita gripi og smádót úr eigu Theódórs. Stjórnin gerir svar Aðalsteins til Sólveigar að sínu:

„Í mínum huga er ekki spurning að Fálkasetri væri fengur í öllu sem tengist Theódóri til að hafa sem hluta af sinni sýningu. Hins vegar er staðan sú að enn sem komið er höfum við ekki fengið neina fjármuni til að koma þessu verkefni af stað. Mér finnst því ekki rétt að koma þessum persónulegu munum til stjórnarinnar fyrr en komnir eru fjármunir og farið að huga að sýningunni. Slíkt myndi bara bjóða hættunni heim um að eitthvað glataðist eða yrði ekki varðveitt eins vel og kostur er. Það er spurning hvort Safnahúsið gæti tekið við þessu með þeim skilyrðum að Fálkasetur fengi þetta til varðveislu þegar sýning þar yrði að veruleika. Spurning líka hvort Gljúfrastofa hefði áhuga á að fá þetta og setja upp?“

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari